Varnir gegn landbroti

Ársskýrsla 2015

Landgræðsla ríkisins 2015
LR 2016/04

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2016/04 24. 2. 2016

Fjöld blaðsíðna: 7

Heiti: Varnir gegn landbroti, ársskýrsla 2015

Höfundur: Sigurjón Einarsson

Verkefnisstjóri: Sigurjón Einarsson

Unnið fyrir: Landgræðslu ríkisins

Útdráttur: Í þessari skýrslu er samantekt á verkefnum sem unnin voru árið 2015.

Unnið var að 33 verkefnum um allt land og heildarkostnaður við varnir gegn landbroti nam 74. 464.843 kr. Áfram var unnið að vörnum í Bakkahlaupi. Á árinu hljóp úr Skaftárkötlum og nokkuð tjón varð á varnargörðum bærið við Skaftá og Kúðafljót.

Áfram var unnið að mati á landbroti í Kringilsárrana árið 2015 og virðist landbrot halda þar áfram að nokkrum krafti.

Efnisorð:
Landgræðslan, flóð, bakkavarnir, varnargarðar, grjótvörn, flóðvarnir.

Sigurjón Einarsson

Undirskrift verkefnisstjóra

Inngangur
Landgræðsla ríkisins hefur með höndum framkvæmd laga nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti (hér eftir VGL). Tilgangur laganna er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot eða annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með aðgerðum gegn ágangi vatna. Landgræðslunni er heimilt að styrkja framkvæmdir við aðgerðir sem ætlaðar eru til að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila. Auglýsa skal eftir umsóknum um slíka styrki á opinberum vettvangi, en hámarks upphæð styrkja hefur undanfarin ár verið kr. 3.000.000.

Umsóknir 2015
Auglýsing um styrkumsóknir var birt í Bændablaðinu auk þess sem hún var birt á heimasíðu Landgræðslunnar, www.land.is. Ekki var auglýstur sérstakur umsóknarfrestur og var hægt var að sækja um hvenær sem var ársins. Hins vegar nutu þær umsóknir sem bárust fyrir 15. mars forgangs að öðru jöfnu. Árið 2015 bárust alls 26 umsóknir.

Forgangsröðun verkefna
Samkvæmt lögum um varnir gegn landbroti skal við forgangsröðun verkefna hafa hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkis sem landbrotið ógnar. Nytjalönd, mannvirki og gróðurlendi skulu jafnan njóta forgangs við röðun verkefna.
Ef um er að ræða mannvirki í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem verja þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt stöðva landbrot sem stofnar slíkum opinberum eigum í hættu, skal eigandi sjálfur bera allan kostnað af slíkum framkvæmdum. Sama gildir um landbrot sem rekja má til framkvæmda opinberra aðila, t.d. vegna efnistöku, gerðar samgöngumannvirkja o.s.frv.
Líkt og fyrri ár eru fjárveitingar til VGL ekki nægjanlegar til að sinna öllum þeim umsóknum sem berast vegna landbrots. Í árslok 2014 voru á skrá hjá Landgræðslunni 112 verkefni sem metin eru gild en ekki hefur verið unnt að verða við, þá eru ekki upptalin þau fjölmörgu viðhaldsverkefni sem fyrir liggja á varnargörðum í eigu Landgræðslunnar.

Landbroti í Reykjadalsá fyrir landi Einarsstaða

Verkefni 2015

Verkefnum má í meginatriðum skipta í tvo flokka; bakkavarnir og varnargarða. Ýmist er um ný verkefni að ræða eða viðbætur og viðhald eldri mannvirkja. Í undantekningartilvikum er um önnur verkefni að ræða, s.s. tilflutning farvega eða annað slíkt. Að öðru jöfnu er lögð á-hersla á bakkavarnir fremur en aðrar tegundir framkvæmda, enda má fullyrða að bakkavarnir hafi í flestum tilvikum engin eða sáralítil áhrif á fiskgengd í ám, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiða eða lífríkis vatnsins að öðru leyti.
Unnið var við Kringilsárrana að mati á landbroti vegna Hálslóns og er þetta í annað sinn sem slík er gert við Kringilsárrana. Verður slík úttekt unnin aftur árið 2017.
Í kjölfar Skaftárhlaups á haustdögum 2015 var gerð úttekt á varnargörðum sunnan þjóðvegar en þar eru um 7 km langur varnargarður sem ver ræktað land og byggð í Meðallandi. Í ljós koma að nauðsynlegt er að endurnýja grjótkápu garðsins og var ráðist í að endurnýja á um 1,5 km kafla þar sem ástandið var hvað verst.

Alls var unnið að 33 verkefnum árið 2015. Þar af voru bakkavarnir 3.450 m og varnargarðar 3.730 m.

Vesturland og Vestfirði

Unnið var að þremur verkefnum á Vesturlandi og Vestfjörðum árið 2015.
Í tveimur verkefnum var unnið að hefðbundna bakkavörnum og í einu verkefni var unnið að grjótnámi til frekari verka á árinu 2016
Lengd bakkavarna sem unnið var að nam alls 560 metrum, magn af sprengigrjóti var 750m³.
Í töflu 1 er yfirlit yfir verkefni unnin á Vesturlandi og Vestjörðum árið 2015.

Tafla 1. Verkefni unnin á Vesturlandi og Vestfjörðum 2015

Vatnsfall	Jörð	Sveitarfélag	Vegna	Aðgerð	Lengd m
Djúpadalsá	Djúpidalur	Reykhólasveit	Tún/mannvirki	Bakkavörn	310
Fellsá	Miðhús	Strandabyggð	Ræktað land	Bakkavörn	250
Efri-Haukadalsá	Stóra-Vatnshorn	Dalabyggð	Ræktað land	Grjótnám	700m³

Norðurland vestra

Unnið var að fimm verkefnum á Norðurlandi vestra árið 2015.
Í tveimur verkefnum var unnið við uppmokstur framburðarefna upp úr farvegi og gerð varnargarða, í þremur verkefnum var unnið við hefðbundna bakkavörn.
Lengd bakkavarna sem unnið var að nam samtals 670 m, varnargarðar voru alls 1.160 m.
Í töflu 2 er yfirlit yfir verkefni unnin á Norðurlandi vestra 2015.

Tafla 2. Verkefni unnin á Norðurlandi vestra 2015

Vatnsfall	Jörð	Sveitarfélag	Vegna	Aðgerð	Lengd m
Héraðsvötn	Keta	Skagafjörður	Ræktað land	Varnargarður	590
Héraðsvötn	Miðsitja	Skagafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	460
Héraðsvötn	Stóru-Akrar	Skagafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	75
Miðfjarðará	Bjargshóll	Skagafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	135
Skálá	Hraun	Skagafjörður	Ræktað land	Varnargarður	570

Norðurland eystra

Unnið var að sex verkefnum á Norðurlandi eystra árið 2015.
Í einu verkefni var unnið að viðhaldi varnargarða, í þremur verkefnum var unnið að gerð bakkavarna, eitt verkefnið var sprenging og flutningur á 1.000 m³ af sprengdu grjóti og í einu verkefni var unnið að lagfæringu á námuvegi.
Vinna við viðhald á varnargarði nam alls 110 metrum og vinna við gerð bakkavarna nam alls 755 metrum. Í töflu 3 er yfirlit yfir verkefni unnin á Norðurlandi vestra árið 2015.

Tafla 3. Verkefni unnin á Norðurlandi eystra 2015

Vatnsfall	Jörð	Sveitarfélag	Vegna	Aðgerð	Lengd m
Bakkahlaup	Ás	Norðurþing	Skjálftavatn	Grjótnám	2000³
Bakkahlaup	Ás	Norðurþing	Skjálftavatn	Viðgerð á vegi	200
Eyjafjarðará	Stórihamar	Eyjafjarðarsveit	Ræktað land	Viðhald á varnargarði	110
Reykjadalsá	Einarsstaðir	Þingeyjarsveit	Ræktað land	Bakkavörn	180
Skjálfandafljót	Björg	Þingeyjarsveit	Gróði land	Bakkavörn	500
Skjálfandafljót	Hraunkot I	Þingeyjarsveit	Ræktað land	Bakkavörn	75

Austurland

Unnið vara að þremur verkefnum á Austurlandi árið 2015.
Í öllum tilfellum var unnið að gerð bakkavarna alls að lengd 615 m..
Í töflu 4 er yfirlit yfir verkefni unnin á Austurlandi árið 2015.

Tafla 4. Verkefni unni á Austurlandi 2015

Vatnsfall	Jörð	Sveitarfélag	Vegna	Aðgerð	Lengd m
Breiðdalsá	Ásunnarstaðir	Breiðdalshreppur	Ræktað land	Bakkavörn	275
Breiðdalsá	Borgará	Breiðdalshreppur	Mannvirki	Bakkavörn	100
Sléttuá	Slétta	Fjarðabyggð	Ræktað land	Bakkavörn	240

Suðurland

Unnið var að sextán verkefnum á Suðurlandi árið 2015.
Í sjö verkefnum var unnið að gerð bakkavarna, í níu verkefnum var unnið að viðhaldi varnargarða. Vinna við bakkavarnir nam alls 850 metrum, vinna við viðhald á varnargörðum nam alls 2.460 metrum. Í töflu 5 er yfirlit yfir verkefni unnin á Suðurlandi árið 2014.

Tafla 5. Verkefni unnin á Suðurlandi 2015

Vatnsfall	Jörð	Sveitarfélag	Vegna	Aðgerð	Lengd m
Hólmsá - aukaverk	Borg	Hornafjörður	Gróið land	Viðhald á varnargarði	80
Hoffellsá	Fornustekkir	Hornafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	100
Hoffellsá	Bjarnanes	Hornafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	100
Hoffellsá	Miðsker	Hornafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	100
Hoffellsá	Brekkubær	Hornafjörður	Ræktað land	Bakkavörn	100
Djúpá	Maríubakki	Skaftárhreppur	Gróið land	Viðhald á varnargarði	50
Geirlandsá	Prestbakki	Skaftárhreppur	Ræktað land	Bakkavörn	350
Skaftá	Heiði	Skaftárhreppur	Mannvirki	Bakkavörn	50
Eldvatn	Ásar	Skaftárhreppur	Ræktað land	Varnargarður	120
Kúðafljót	Ýmsir	Skaftárhreppur	Gróið land	Viðhald á varnargarði	1700
Klifandi	Norður-Hvoll	Mýrdalshreppur	Ræktað land	Varnargarður	50
Kverná	Ytri-Skógar	Rangárþing eystra	Ræktað land	Varnargarður	100
Skógá	Drangshlíðardalur	Rangárþing eystra	Ræktað land	Varnargarður	230
Holtsá	Landgræðslan	Rangárþing eystra		Viðhald á varnargarði	75
Markarfljót	Landgræðslan	Rangárþing ytra	Gróið land	Viðhald á varnargarði	55
Ölfusá	Laugarbakkar	Gríms- og Grafningshr.	Ræktað land	Bakkavörn	50

Kostnaður við Varnir gegn landbroti árið 2015
Fjárveiting til verkefnisins árið 2015 nam 67,6 m.kr. Kostnaður við verkefnið nam 74,4 mk.r. eða 6,8 m.kr. umfram fjárveitingu. Vegna óhagstæðs tíðarfars í lok árs 2014 náðist ekki að full-nýta fjárveitingu þess árs og og var hún nýtt að hluta árið 2015. Í töflu 6 er sundurliðun kostnaðar við VGL árið 2015.

Tafla 6. Sundurliðun kostnaðar við VGL árið 2015.			
	Kr.	**%**	
Greiðslur til verktaka	24.691.408	33,2	
Styrkir til bænda	24.858.544	33,4	
Laun starfsmanna	11.753.552	15,8	
Akstur, ferða- og dvalarkostnað	1.373.841	1,8	
Sími og húsaleiga	425.322	0,6	
Aðkeypt vinna og þjónusta	346.836	0,5	
Loftmyndir skv. samningi	1.782.410	2,4	
Hugbúnaður	154.441	0,2	
Kaup, vélar og tæki	7.069.774	9,5	
Kaup, jarðefni	1.927.000	2,6	
Annar kostnaður	81.715	0,1	
Samtals	**74.464.843**	**100,0**	

Landbroti í Blöndu



Landgræðsla ríkisins • Gunnarsholti • 851 Hellu
Sími: 488 3000 • Fax: 488 3010 • land@land.is • www.land.is